

Nd. 323. Breytingar- og viðaukatillögur

við frv. til laga um bann gegn refarækt.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson, Bjarni Jónsson frá Vogu og Magnús Pjetursson.

1. Við 1. gr. Fyrir 1. gr. komi svo hljóðandi grein:
Ef sýslunefnd leyfir, er heimilt að ala refayrðlinga á tímabilinu frá 15. maí til 15. febrúar, en drepnir skulu þeir fyrir lok febrúarmánaðar.
2. — 2. — Greinin orðist svo:
Sá, sem refi vill ala, skal kveðja hreppstjórn til að skoða hús þau og girðingar, er hann ætlar til geymslu refanna; telji hreppstjóri geymsluna örugga, er eldið heimilt.
3. — 3. — Greinin orðist þannig:
Fyrir lok júlímánaðar skal sá, er refi elur, skýra hreppstjóra frá tölu eldisrefa. Er hann hefir lógað refunum, skal hann sýna hreppstjóra belgina. Fyrir hvern ref, er þá vantar á refatöluna, skal hann útlægur um 200 kr., nema hann sanni fyrir hreppstjórn, að ekki hafi refur sá úr eldi sloppið.
4. — 4. — Framan við greinina bætist:
Nú gefur sá, er refi elur, hreppstjórn ranga skýrslu, og varðar það 500 kr. sektum.
5. Ný grein, 5. gr., svo hljóðandi:
Heimilt er refaeldi í eyjum og hölmum í sjó úti, ef sýslunefnd leyfir.
6. Ný grein, 6. gr., svo hljóðandi:
Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.
7. 5. grein verði 7. grein.
8. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um refaeldi.